

Nd.

1142. Nefndarálit

um frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft þetta mál til meðferðar frá 31. janúar s. l. Hefur hún farið allnákvæmlega í gegnum frv. og rætt við nokkra forstöðumenn stofnana og fleiri, sem láta sig þetta mál varða. Þær breytingartillögur, sem nefndin flytur, eru yfirleitt til samræmingar á launakjörum og byggðar á sama grundvelli og frumvarpið í heild. Nokkrar þeirra eru til lækkunar launa, aðrar til hækkunar, en flestar miða að því að gera starfskiptinguna gleggri, og er þar farið að verulegu leyti eftir tillögum forstöðumanna stofnana og annarra yfirmanna. Um þessar breytingartillögur hefur verið yfirleitt gott samkomulag í nefndinni, þótt atkvæði hafi fallið nokkuð á mis. Nefndin flytur líka breytingartillögurnar sameiginlega, enda þótt atkvæði séu óbundin um þær.

Ágreiningur um afgreiðslu málsins er því ekki bundinn við þessar breytingartillögur sérstaklega. Það, sem gerir það að verkum, að ég get eigi greitt atkvæði með þessu frumvarpi í heild eða mælt með samþykkt þess, er launastiginn í heild. Árslaun eru ákveðin að lágmarki 3300 kr. og að hámarki 15000 kr. Það þýðir, eins og verðlagsvísitalan er nú, frá 9042 kr. og upp í 41100 kr. Meginþorri launanna er á bilinu 4800—9600 kr. og svarar til 13000—26000 kr. launa með núverandi vísitölu. Þar sem starfsmannahópur ríkisins er orðinn svo fjölmennur sem raun er á og fjölgar árlega og þar sem grundvöllur fjármálakerfis okkar, framleiðslan, stendur ekki sterkum fótum, þá tel ég ekki líklegt, að ríkissjóður geti staðið til lengdar undir svo mikilli launabyrði sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mundi þá brátt verða að breyta lögunum eða hækka tekjuskatt til muna á því tekjustigi, sem þorri launamannanna fellur undir.

Auk þess sem sú launahækkun, sem ákveðin er með frumvarpinu, þyngir verulega útgjöld ríkisins beinlínis, þá hlýtur af henni að leiða samsvarandi hækkun launanna hjá ýmsu fastlaunafólki utan hinnar beinu ríkisstarfsemi.

Verulegan galla tel ég það líka við frumvarpið, eins og það er nú, að ekki skuli allar ríkisstofnanir vera með. En samkomulag hefur eigi náðst um að breyta þessu, og virðist ekki vænlegt til áhrifa, þótt breytingartillögur væru fluttar um það.

Um afstöðu mína til þessa máls, sem er eitt þeirra mála, er núverandi ríkisstjórn lofaði að afgreiða, vil ég taka þetta fram: Þegar stjórnarsamningarnir voru gerðir, hafði launalagafrumvarpið verið flutt af 4 þingmönnum í efri deild, sínum úr hverjum þingflokkanna. Kom í ljós við nákvæma eftirgrennslun, að meirihlutafylgi var á Alþingi fyrir því að afgreiða málið, hvaða ríkisstjórn sem yrði starfandi. Ég, sem frá upphafi lýsti mig andvígán því að afgreiða launalög nú, gat því eigi gert það að neinu úrslitamáli um fylgi við ríkisstjórnina, hvort hún lofaði eða lofaði ekki að afgreiða mál, sem meirihlutafylgi var fyrir, hvaða stjórn sem yrði. Þar komu að sjálfsögðu önnur þýðingarmeiri sjónarmið til greina. En afstaða mín til málsins nú er byggð á þeim fyrirvara, er ég hafði í upphafi um stjórnarsamningana varðandi þetta mál.

Að öðru leyti þykir mér eigi ástæða til að gera grein fyrir andstöðu minni við úrslitaafgreiðslu þessa máls nú.

Alþingi, 16. febr. 1945.

Jón Pálmason.